



NÁTTÚRUSTOFA
VESTFJARÐA

Aðalstræti 12
415 Bolungarvík
nave@nave.is

Fornleifaskráning

*Fornleifaskráning vegna
fyrirhugaðra snjóflóðavarna í
Hnífsdal*

Atli Rúnarsson
Margrét Hrönn Hallmundsdóttir

Október 2024

NV nr. 20-24

 NÁTTÚRUSTOFA VESTFJARÐA		Dagsetning Mán/ár: Október 2024
Skýrsla nr: NV nr. 20-24	Verknúmer:	Dreifing: ☐ Opin ☐ Lokuð til: ☐ Háð leyfi verkkaupa
Upplag:	Verkstig:	
Heiti skýrslu: Fornleifaskráning vegna fyrirhugaðra snjóflóðavarna í Hnífsdal		Unnið fyrir: Framkvæmdasýsla Ríkisins
Höfundur: Atli Rúnarsson		Verkefnastjóri: Margrét Hrönn Hallmundsdóttir
ÚTDRÁTTUR AÐ BEIÐNI FRAMKVÆMDASÝSLU RÍKISINS RÉÐST FORNLEIFADEILD NÁTTÚRUSTOFU VESTFJARÐA Í FORNLEIFASKRÁNINGU VEGNA FYRIRHUGAÐRA SNJÓFLÓÐAVARNA Á Í LANDI BAKKA Í HNÍFSDAL. ALLS VORU 22 MINJAR SKRÁÐAR INNAN FRAMKVÆMDASVÆÐISINS.		
Undirskrift verkefnastjóra: MHH		Yfirlarið af:

EFNISYFIRLIT


1.	INNGANGUR	4
2.	AÐFERÐAFRÆÐI.....	4
2.1	Tilgangur fornleifaskráninga.....	4
2.2	Skráning fornleifa	5
3.	FRAMKVÆMDARSVÆÐIÐ	6
3.1	Saga Bakka	6
3.2	Fornleifaskráning framkvæmdasvæðis	7
4.	NIÐURSTÖÐUR	18
5.	HEIMILDASKRÁ	19
6.	PUNKTASKRÁ.....	20
7.	KORT	21

1. INNGANGUR

Að beiðni Framkvæmdasýslu ríkisins réðst fornleifadeild Náttúrustofu Vestfjarða í fornleifaskráningu vegna fyrirhugaðra snjóflóðavarna á í landi Bakka í Hnífsdal.

Svæðið var áður skráð að hluta árið 2006 af Náttúrustofu Vestfjarða¹ en sú skráning er barn síns tíma og uppfyllir ekki þá staðla sem settir eru af Minjastofnun Íslands í dag.

Svæðið var gengið á skráðar minjar voru mældar upp. Vettvangsvinna fór fram þann 1. október 2024 og var unnin af Atla Rúnarssyni og Margréti Hrönn Hallmundsdóttur fornleifafræðingum. Atli Rúnarsson sá um skýrslu- og kortagerð.



Mynd 1. Staðsetning skráningarsvæðisins merkt á Íslandskort með gulri stjörnu.

2. AÐFERÐAFRÆÐI

Aðferðafræði rannsóknarinnar byggir fyrst og fremst á fornleifaskráningu á vettvangi en að auki var farið yfir helstu heimildir um jarðirnar, s.s. örnefnaskrár, túnakort, jarðabækur og annað sem getur gefið vísbendingar um fornminjar. Svæðið hafði áður verið skráð að hluta og var stuðst við þá skráningu. Allir minjastaðir voru skráðir og teknir voru staðsetningarpunktar á hverjum stað með Trimble Juno 5 uppmælitæki. Minjastöðum var lýst og ljósmyndir teknar af hverjum stað.

2.1 Tilgangur fornleifaskráninga

Í lögum um menningarminjar nr. 80 29 júní 2012 segir að lögin eigi að tryggja eftir föngum verndun menningarsögulegra minja í eigin umhverfi og að íslenskum menningararfi verði skilað óspilltum til komandi kynslóða. Eins eiga lögin að auðvelda aðgang að minjunum, kynna þær þjóðinni og greiða fyrir rannsóknum. Þá er fornleifaskráning bundin í skipulagsgerð skv. lögnum, en í 16.gr. segir:

Skýlt er að fornleifaskráning fari fram áður en gengið er frá svæðisskipulagi, aðalskipulagi eða deiliskipulagi eða endurskoðun þess og skal sá sem ber ábyrgð á skipulagsgerð í samræmi við skipulagslög standa straum af kostnaði við skráninguna.

Í 3. Grein laganna eru fornleifar skilgreindar sem:

Fornleifar teljast til hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

búsetulandslag, skráðgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum, vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum,

¹ Sjá Ragnar Edvardsson, 2006 & Ragnar Edvardsson, 2007

verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri, tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita, vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra, virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum, þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast síðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð, áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum, haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið, skipsflök eða hlutar þeirra.

Fornminjar njóta friðunar nema annað sé ákveðið af Minjastofnun Íslands.

Í 21. grein laga um menningarminjar segir:

fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.

Þetta á við um allar fornleifar, óháð sérstakri friðlýsingu. Friðhelgi fornleifa er ekki háð því að þær séu þekktar eða hafi verið skráðar. Sú skylda hvílir á sveitarfélögum eða framkvæmdaraðilum að gera Minjastofnun Íslands viðvart ef fyrirsjáanlegt er að minjar spillist vegna hvers konar framkvæmda eða breyttrar landnotkunar (sjá 12.gr.).

Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmdir án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskonnnun umsvifalaust svo skera megí úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megí fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands (24.gr.)

Eitt af markmiðum fornleifaskráningar er að koma í veg fyrir að minjar verði fyrir skemmdum af gáleysi eða nauðsynjalausu. Fornleifaskráning nýtist við minjavörslu þegar ákveða á verndun á einstökum minjastöðum. Eins kemur hún að miklum notum vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Þá er hægt að taka tillit til minjanna við skipulagsgerð og nýta þær í rannsókn- eða kynningarskyni. Með fornleifaskráningu má einnig stórlega minnka líkur á að fornleifar komi óvænt í ljós við framkvæmdir sem gæti leitt til tafa á viðkomandi verki.

2.2 Skráning fornleifa

Verkefnanúmeri er úthlutað af Minjastofnun Íslands og svæðið hefur verið merkt inn á vefsíðu Minjastofnunar og skýrsla skráð þar sem og minjar sem mældar voru upp. Verkefnið fékk númerið 3348 og þar á eftir eru hlaupandanúmer rannsóknarinnar, dæmi: 3348-001.

3. FRAMKVÆMDARSVÆÐIÐ

3.1 Saga Bakka

Helga Hrólfssonar nam Skutulsfjörð, en hann hafði komið til landsins að vitja frænda sinna í Eyjafirði en þar var albyggð. Hann hafði þá vetursetu í Súgandafirði með Hallvarði Súganda en fór svo um vorið að leita sér bústaðar. Í einum firði á hann að hafa fundið skutul í flæðarmálinu og nefndi þá fjörðinn Skutulsfjörð og þar byggði hann sinn bæ. Einnig er sagt í Landnámu að Þórólfr brækir hafi numið suman Skutulsfjörð og Skálavík og búið þar.² Líklega var átt við Hnífsdal þegar talað var um Skálavík þar sem engin önnur vík er í Skutulsfirði. Talið er líklegt að skýringin á Skálavíkurnafninu sé komin frá því að Þórólfr hafi dvalið í Skálavík í landi Hallvarðs Súganda sama vetur og Helgi Hrólfsson dvaldi í Súgandafirði og nafnið færst með misskilningi með Þórólfi, verður því að teljast líklegt að Þórólfr brækir hafi verið landnámsmaður í Hnífsdal.³

Sagt var í Árnámáldaga frá 1286 að þrjú lögbýli í Hnífsdal greiddu tíund til Eyrarkirkju, það voru Hnífsdalur neðri og fremri og Bakki.⁴ Árið 1620 keypti Sæmundur Árnason, sýslumaður á Hóli í Bolungarvík, Bakka af Guðrúnu Jónsdóttur.⁵

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, sem gerð var fyrir svæðið árið 1710, var sagt að jarðardýrleiki Bakka væri átta hundruðir. Eigandinn var Sölvör Vigfússdóttir en ábúendur voru Ísleikur Bjarnason á fimm hundruðum og Bjarni Sigmundsson á hinum þremur. Engar kvaðir voru á jörðinni en slægjan var lítil vegna hagabrengdar. Jörðin hafði skipsuppsátur í Bakkabúð í landi Neðri Hnífsdals og var ekkert greitt fyrir. Tvær hjáleigur höfðu verið á jörðinni: Miðhús, sem ekki hafði verið í byggð í manna minnum enda of þröngt á svæðinu til þess að byggja það aftur, og Lambavellir. Einnig hafði ekki verið búið á Lambavöllum í manna minnum en þar var sagt að sæist enn til girðinga nokkurra, sagt var að ekki verið aftur byggt þarna því landið var of hrjóstrugt og slægjur alls engar.⁶

Í jarðatali Johnsen frá 1847 var dýrleiki Bakka átta hundruðir, landskuldin 0,60, kúgildin tvö og ábúendur voru einn leigjandi. Í neðanmálgrein í jarðatalinu var sagt að eyðihjáleigurnar Miðhús og Lambavellir voru 1805 hafðar hér til beitar. Sýslumaðurinn einn taldi Bakka aðeins sex hundruðir að dýrleika.⁷

² Íslendingabók og Landnáma, 1942, bls. 109

³ Ólafur Þ. Kristjánsson, 1963, bls. 5-11

⁴ Jón Þ. Þór, 1984-1990, bls. 35

⁵ Kristján Pálsson, 2016, bls. 22

⁶ Árni Magnússon & Páll Vídalín, 1984, bls. 158-159

⁷ J. Johnsen, 1847, bls. 198

3.2 Fornleifaskráning framkvæmdasvæðis

Númer: 3348-001

Sérheiti: Bakki

Hlutverk: Bæjarhóll

Tegund: Hóll

Staðsetning ISN93: A: 313331.9 N: 629690.9

Lengd: 47m

Breidd: 41m

Ástand: Vel greinanleg

Horfin: Nei

Hættumat: Mikil hættu

Hættuorsök: Framkvæmdir

Staðhættir: Á grónu svæði um 70m NV við húsið Bakkavegur 39. Það liggur göngustígur framhjá hólum sem hefur mögulega skorið í ystu mörk hans.

Minjalýsing: Bæjarhóll Bakka. Hóllinn er um 6-7m hár þar sem hann er hæstur og er mjög gróinn. Hólinum hefur verið raskað meðan á honum var búið en það eru djúpar holur í honum eftir yngstu húsin á Bakka. Dýpsta holan er líklega eftir kjallara síðasta íbúðarhússins og er hún um 3m djúp. Hóllinn er um 47x41m af stærð og það stendur bæði grjót og steypa upp úr grasinu.



Mynd 2. Horft NA yfir bæjarhól Bakka 3348-001.

Númer: 3348-002

Hlutverk: Öskuhaugur?

Tegund: Annað

Staðsetning ISN93: A: 313292.4 N: 629643.6

Lengd: 16.3m

Breidd: 25.4m

Ástand: Vel greinanleg

Horfin: Nei

Hættumat: Mikil hættu

Hættuorsök: Framkvæmdir

Staðhættir: Um 17m SV við bæjarhól Bakka (3348-001). Það liggur göngustígur örfáum metrum frá svæðinu.

Minjalýsing: Mögulegur öskuhaugur, mjög gróíð svæði með allt öðruvísi gróðri en er í kring. Gæti einnig veri eftir útmokstur úr útihúsi.



Mynd 3. Horft NA yfir mögulegan öskuhaug 3348-002. Bæjarhóll bakka 3348-001 sést í bakgrunni.

Númer: 3348-003

Hlutverk: Framræsla

Tegund: Niðurgroftur

Staðsetning ISN93: A: 313289.5 N: 629630.1

Lengd: 105,2m

Breidd: 1m

Ástand: Vel greinanleg

Horfin: Nei

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Framkvæmdir

Staðhættir: Í túninu sunnan við bæjarhól
Bakka (3348-001).

Minjalýsing: Handgraffinn skurður í heimatúni
Bakka. Skurðurinn er að jafnaði um 1m breiddur
og um 1.5m djúpur. Frá vestasta punkti liggur hann í um 41m í austur og beygir þá upp
brekkuna í SA í um 65m. Skurður 3348-004 gengur inn í skurðinn.

Númer: 3348-004

Hlutverk: Framræsla

Tegund: Niðurgroftur

Staðsetning ISN93: A: 313315.0 N: 629592.4

Lengd: 45m

Breidd: 0.5m

Ástand: Illgreinanleg


Horfin: Nei

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Framkvæmdir

Staðhættir: Í túninu sunnan við bæjarhól
Bakka (3348-001). Skurðurinn er yfirgróinn af
njóla og sést illa.

Minjalýsing: Mjór skurður sem hefur drenað túnið. Skurðurinn sést illa vegna gróðurs en liggur
frá vestasta punkti í um 45m í NA þar sem hann sameinast skurði (3348-003).



Mynd 4. Uppmæling af skurði 3348-003. Skurður 3348-004 gengur inn í hann miðjan.



Mynd 5. Horft austur yfir skurð 3348-004.

Númer: 3348-005

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Staðsetning ISN93: A: 313331.5 N: 629567.2

Lengd:

Breidd:

Ástand: Sést ekki

Horfin: Já

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Framkvæmda

Staðhættir: Punkturinn var tekinn um 30m SSV við suðurenda skurðar 3348-003. Í túninu sunnan við bæjarhól Bakka (3348-001) og um 80m SV við húsið Bakkavegur 39.

Minjalýsing: Á loftmynd frá 1958 sést grjóthlaðin tóft á svæðinu sem nú er búið að rífa. Nokkrir steinar virðast vera eftir sem liggja þarna í hrúgu.



Mynd 6. Horft í vestur yfir staðsetningu horfinar tóftar 3348-005.

Númer: 3348-006

Hlutverk: Útihús

Tegund: Tóft

Staðsetning ISN93: A: 313343.0 N: 629500.8

Lengd: 11.8

Breidd: 6.6m

Ástand: Vel greinanleg

Horfin: Nei

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Framkvæmda


Staðhættir: Tóftin er innan heimatúns Bakka, um 55m norðan við malarveg sem liggur inn að Fremri-Hnífsdal og um 80m sunnan við suður enda skurðar 3348-003.

Minjalýsing: Grjóthlaðin útihúsatóft með mjög grónum veggjum. Tóftin er eitt hólf. Norður veggur er mun lægri en hinir, mögulega hafa verið þil á honum. Mögulegur inngangur er í tóftina í NA horni. Veggjahæðin er frá 0.2-0.7m og veggjabreiddin er að jafnaði um 1m.

Tóftin sést á korti sem er eldra en 1958.



Mynd 8. Horft í SA yfir tóft 3348-006.



Mynd 7. Uppmæling á tóft 3348-006.

Númer: 3348-007

Hlutverk: Framræsla

Tegund: Niðurgroftur

Staðsetning ISN93: A: 313326.4 N: 629502.5

Lengd: 23m

Breidd: 0.4m

Ástand: Vel greinanleg

Horfin: Nei

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Framkvæmda

Staðhættir: Um 5m SV við tóft 3348-006.

Minjalýsing: Handgrafinn skurður, um 0.4m

breiddur og 0.3m djúpur. Uppmökstur úr

honum er vestan við hann. Frá vestasta punkti liggur skurðurinn í um 17.5m í NA og beygir þar í NV og heldur áfram í um 5.5m.



Mynd 9. Hoft í NA eftir skurði 3348-007.

Númer: 3348-008

Hlutverk: Túngarður

Tegund: Heimild

Staðsetning ISN93: A: 313390.3 N: 629499.0

Lengd:

Breidd:

Ástand: Sést ekki

Horfin: Já

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Framkvæmdir


Staðhættir: Um 47m austan við tóft 3348-006.

Minjalýsing: Á loftmynd frá 1958 sést

grjóthlaðið garðlag og gerði á þessu svæði.

Ekkert sést af þessum minjum í dag og hafa

þær væntanlega verið rifnar.



Mynd 11. Garðlagið og gerðið (3348-008) á loftmynd frá 1958.



Mynd 10. Horft austur yfir svæðið þar sem garðlagið og gerðið (3348-008) var staðsett.

Númer: 3348-009

Hlutverk: Túngarður

Tegund: Garðlag

Staðsetning ISN93: A: 313337.4 N: 629446.8

Lengd: 125m

Breidd: 1.2m

Ástand: Vel greinanleg

Horfin: Að hluta

Hættumat: Mikil hætta


Hættuorsök: Framkvæmdir

Staðhættir: Garðlagið liggur meðfram veginum á um 125m kafla inn að Fremri-Hnífsdal.

Minjalýsing: Grjóthlaðið garðlag sem liggur nokkurnvegin austur-vestur á um 125m kafla meðfram veginum inn að Fremri-Hnífsdal. Garðlagið er rofið á fjórum stöðum. Á því eru inngangar á túnið og svo hefur það verið rofið þar sem girðing var lögð yfir túnið. Veggjahæð er frá 0.5 – 1.2m og veggjabreidd er að jafnaði um 1.2m. Aðeins er farið að hrinja úr garðlaginu.



Mynd 12. Horft austur yfir garðlag 3348-009.



Mynd 13. Uppmæling af garðlagi 3348-009.

Númer: 3348-010

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Staðsetning ISN93: A: 313324.1 N: 629470.6

Lengd: 7.3m

Breidd: 7.2m

Ástand: Illgreinanleg

Horfin: Nei

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Framkvæmdir

Staðhættir: Um 20m norðan við garðlag 3348-009.

Minjalýsing: Möguleg tóft. Tóftin er óskýr og er mögulega búið að riðja henni í burtu. Það er gróthrúga við norður enda hennar. Veggjahæð og veggjabreidd eru illgreinanlegar.



Mynd 14. Horft SA yfir mögulega tóft 3348-010.

Númer: 3348-011

Hlutverk: Híbýli

Tegund: Tóft

Staðsetning ISN93: A: 313412.1 N: 629554.0

Lengd: 14m

Breidd: 10m

Ástand: Vel greinanleg

Horfin: Nei

Hættumat: Mikil hætta


Hættuorsök: Framkvæmdir

Staðhættir: Húsið hefur staðið í brekkunni um 40m sunnan við Bakkaveg 39.

Minjalýsing: Tóft af húsi sem sést á loftmynd frá 1958 og korti frá sem er eldra en 1958 (ártal óvísst). Hefur líklega verið kjallari á húsinu þar sem tóftin er um 1.7m djúp. Tóftin er opin í norður enda, er vel gróin og farið að hrynja og síga inn í hana. Sjáanlegar grjóthleðslur í veggjum. Stór hvönn vex í suðvestur horni tóftarinnar. Veggjahæð er frá 0.1 – 1.7m og veggjabreidd er að jafnaði um 1m.



Mynd 16. Horft í NA yfir tóft 3348-011.



Mynd 15. Uppmæling á tóft 3348-011.



Mynd 17. Húsið er innan svarta hringsins á korti sem er eldra en 1958

Númer: 3348-012

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Staðsetning ISN93: A: 313633.8 N: 629563.8

Lengd: 10m

Breidd: 8m

Ástand: Vel greinanleg

Horfin: Nei


Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Framkvæmdir


Staðhættir: Á grónum blett við SV horn leikskólalóðarinnar.

Minjalýsing: Tóft með óþekkt hlutverk.

Inngangur í hana í SA horni. Útveggir eru ekki vel greinanlegir en innra mál tóftarinnar sést vel. Veggjahæð er frá 0 – 0.2m og veggjabreidd þar sem hún er greinanleg er að jafnaði um 1m.



Mynd 19. Horft í norður yfir tóft 3348-012.



Mynd 18. Uppmæling á tóft 3348-012.

Númer: 3348-013

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Garðlag

Staðsetning ISN93: A: 313741.0 N: 629584.8

Lengd: 36.5m

Breidd: 1.2m

Ástand: Vel greinanleg

Horfin: Nei

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Framkvæmdir

Staðhættir: Í fjallshlíðinni um 25m sunnan við húsið Hlégerði 2.

Minjalýsing: Garðlag, grjóthlaðið en gróið.

Garðlagið er töluvert sigið og liggur í suður upp fjallshlíðina. Garðlagið sést á loftmynd frá 1958. Veggjahæð er frá 0 – 0.3m og veggjabreidd er að jafnaði um 1.2m.



Mynd 20. Horft suður eftir garðlagi 3348-013.

Númer: 3348-014

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Heimild

Staðsetning ISN93: A: 313729.3 N: 629572.9

Lengd:

Breidd:

Ástand: Sést ekki

Horfin: Já

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Framkvæmdir

Staðhættir: Á ruddu svæði um 30m sunnan við húsíð Hlégerði 3.

Minjalýsing: Á loftmynd frá 1958 sjást tvö hús á þessu svæði. Svæðið hefur nú verið rutt og er yfirvaxið af gróðri.



Mynd 21. Horft í NV yfir svæðið þar sem húsin (3348-014 & 3348-015) stóðu.

Númer: 3348-015

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Heimild

Staðsetning ISN93: A: 313723.0 N: 629571.1

Lengd:

Breidd:

Ástand: Sést ekki

Horfin: Já

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Framkvæmdir

Staðhættir: Á ruddu svæði um 30m sunnan við húsíð Hlégerði 3.

Minjalýsing: Á loftmynd frá 1958 sjást tvö hús á þessu svæði. Svæðið hefur nú verið rutt og er yfirvaxið af gróðri.



Mynd 22. Hús 3348-014 (t.h.) og 3348-015(t.v.) á loftmynd frá 1958.

Númer: 3348-016

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Staðsetning ISN93: A: 313761.2 N: 629541.0

Lengd: 5m

Breidd: 4.9m

Ástand: Vel greinanleg

Horfin: Nei

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Framkvæmdir

Staðhættir: Í fjallshlíðinni um 14m ofan við suðurenda garðlags 3348-013.

Minjalýsing: Tóft sem hefur verið grafinn inn í fjallshlíðina, þ.e. suðurveggur er hlíðin sjálf. Veggir eru grjóthlaðnir en töluvert grónir. Tóftin er opin í norður enda og veggjahæð er frá 0.2 – 1.3m og veggjabreidd er að jafnaði um 1.2m. Það er bárujárn í botni rústarinnar.



Mynd 23. Horft suður yfir tóft 3348-016.

Númer: 3348-017

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Staðsetning ISN93: A: 313785.6 N: 629581.9

Lengd: 17m

Breidd: 9.4m

Ástand: Vel greinanleg


Horfin: Nei

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Framkvæmdir

Staðhættir: Við botn fjallshlíðarinnar, um 40m SA við húsið Hlégerði 1. Tóftin er yfirgróin af njóla.

Minjalýsing: Tóft af húsi sem sést á loftmynd frá 1958. Töluvert er af grjóti innan í tóftinni sem er yfirgróin af njóla. Tóftin er opin í norður og veggjahæð er frá 0 – 1.7m. Veggjabreidd er að jafnaði um 1m þar sem hún er greinanleg.



Mynd 24. Húsið á loftmynd frá 1958.



Mynd 25. Horft suður yfir tóft 3348-017.

Númer: 3348-018

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Hleðsla

Staðsetning ISN93: A: 313810.0 N: 629581.4

Lengd: 40.7m

Breidd: Ekki greinanleg

Ástand: Vel greinanleg

Horfin: Nei

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Framkvæmdir

Staðhættir: Á grónum blett um 20m vestan við húsið Dalbraut 13.

Minjalýsing: Grjóthlaðin hleðsla hlaðin í hlíðina þannig breidd hennar er ekki greinanleg. Að minnsta kosti þrjú umföng af steinum. Mögulega hefur hún verið gerð eftir að svæðið neðan við hana var sléttað. Hleðslan er ekki sjáanleg á loftmynd frá 1958 og ekki er víst hvort um fornleifar sé að ræða. Hleðslan liggur í lykkjum meðfram hlíðinni og er samtals um 41m löng og er allt að 1m há.



Mynd 26. Horf austur eftir hleðslu 3348-018.

Númer: 3348-019

Hlutverk: Matjurtagarður

Tegund: Rutt svæði

Staðsetning ISN93: A: 313836.1 N: 629567.6

Lengd: 7m

Breidd: 7m

Ástand: Vel greinanlegt

Horfin: Nei

Hættumat: Mikil hætt

Hættuorsök: Framkvæmdir

Staðhættir: Í fjallshlíðinni um 30m SV við húsið Dalbraut 13.

Minjalýsing: Ferhyrnt sléttað svæði, um 7x7m

af stærð. Líklega er hér um matjurtagarð að ræða, svæðið sést á loftmynd frá 1958. Mögulega hefur á einhverjum tímapunkti verið hlaðinn garður í kring um svæðið en það eru grjóthrúgur nálægt svæðinu sem gæti hafa verið hleðslugrjót. Það vex tré í miðju svæðinu.



Mynd 27. Horft í SA yfir matjurtagarð 3348-019.

Númer: 3348-020

Hlutverk: Matjurtagarður

Tegund: Rutt svæði

Staðsetning ISN93: A: 313767.2 N: 629555.5

Lengd: 13m

Breidd: 13m

Ástand: Vel greinanleg

Horfin: Nei

Hættumat: Mikil hætt


Hættuorsök: Framkvæmdir

Staðhættir: Í fjallshlíðinni, um 10m norðan við tóft 3348-016 og um 5m frá suðurenda garðlags 3348-013.

Minjalýsing: Hlaðinn L-laga kantur utan um matjurtagarð. Frá nyrsta punkti liggur kanturinn í suður u.þ.b. 13m og tekur svo 90° beygju í austur í aðra 13m. Stórt bjarg er í horni kantsins. Kanturinn er u.þ.b. 0.3m hár og 0.3m breiður þar sem breiddin er greinanleg, en kanturinn gengur inn í hlíðina.



Mynd 28. Horft í SV yfir matjurtagarð 3348-020.



Mynd 29. Uppmæling af matjurtagarði 3348-020

Númer: 3348-021

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Garðlag

Staðsetning ISN93: A: 314083.9 N: 629568.2

Lengd: 72m

Breidd: 0.7m

Ástand: Greinanleg

Horfin: Nei

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Framkvæmdir

Staðhættir: Á sléttu grasivöxnu svæði við malarveginn sem liggur frá Hreggnasa að fiskvinnsluhúsi.

Minjalýsing: Mögulegt garðlag, mjög sigið. Garðlagið sést ekki á loftmynd frá 1958 en þá voru fiskitrönur á svæðinu sem stóðu yfir því. Garðlagið liggur í NV-SA í um 72m. Veggjahæð er frá 0-0.1m og veggjabreidd um 0.7m að jafnaði.

Númer: 3348-022

Hlutverk: Framræsla

Tegund: Niðurgroftur

Staðsetning ISN93: A: 313253.9 N: 629516.7

Lengd: 60m

Breidd: 0.7m

Ástand: Vel greinanleg

Horfin: Nei

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Framkvæmdir

Staðhættir: Í túni Bakka, syðsti endi skurðarins er um 50m NV við tóft 3348-010.


Minjalýsing: Handgraffinn skurður, Y laga. Skurðurinn er um 0.5m djúpur að jafnaði og 0.7m breiður að jafnaði. Skurðurinn sést á loftmynd frá 1958. Frá nyrsta punkti liggur hann í um 30m í suður þar sem hann kvíslast og liggur í um 15m í SV og um 30m í SA.



Mynd 30. Horft í SA eftir garðlagi 3348-021.



Mynd 31. Skurður 3348-022 á loftmynd frá 1958.




Mynd 32. Uppmæling skurðar 3348-022

4. NIÐURSTÖÐUR

Alls voru 22 minjar skráðar innan framkvæmdarsvæðisins. Þar sem endanleg hönnun skipulagsgagna var ekki klár þegar skráningin fór fram voru allar minjar innan svæðisins skráðar í mikilli hættu vegna framkvæmda. Við gerð skipulagsins ber að hafa minjarnar í huga.

Allar minjarnar sem skráðar voru voru innan lands Bakka og þar af voru tíu af þeim innan heimatúns Bakka. Tóftir voru fjölmennasti flokkur minja, alls sjö talsins, þar á eftir komu niðurgreftir/framræsluskurðir sem voru fjórir, þar á eftir komu þrenn garðlög og þrjár minjar skráðar eftir heimildum. Því næst voru tvö rudd svæði, ein hleðsla, einn bæjarhóll og eitt svæði sem var skráð sem mannvistarleifar.

Þegar horft er til hlutverka minjanna voru fjölmennustu flokkarnir minjar með óþekkt hlutverk og fræmræslu skurðir, tíu og fjórar, og afgangurinn var með færri minjum.



Mynd 33. Grafið sýnir fjölda minja eftir hlutverkum.

Eins og áður sagði voru einu gögnin sem lágu fyrir mörk framkvæmdasvæðisins, en ekki nákvæmlega hvar innan þess helstu framkvæmdir munu eiga sér stað, er erfitt að leggja til mótvægisáðgerðir. Þó er hægt að mæla með því að komi til framkvæmda innan heimatúns Bakka yrði haft framkvæmdareftirlit og jafnvel gerðir nokkrir vel valdir könnunarskurðir áður en til framkvæmdanna kemur. Eins er vert að minna á að finnist áður óþekktar fornminjar við framkvæmdir ber að stöðva framkvæmdina strax og tilkynna fundinn til Minjastofnunar Íslands sem tekur svo ákvörðun um framhaldið.

5. HEIMILDASKRÁ

- Árni Magnússon & Páll Vídalín. (1984). *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. Ísafjarðarsýsla & Strandasýsla* (B. VII). Reykjavík: Sögufélagið.
- Diplomatarium Islandicum - Íslenskt fornbréfasafn 1-16. bindi.* (1947-1950). Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.
- Íslendingabók og Landnáma.* (1942). Reykjavík: Herbertsprent.
- J. Johnsen. (1847). *Jarðatal á Íslandi með brauðlýsingum, fólkstölu í hreppum og prestaköllum, ágripi úr búnaðartöflum 1835-1845, og skýrslum um sölu þjóðjarða á landinu.* Kaupmannahöfn: S. Trier.
- Jón Þ. Þór. (1984-1990). *Saga Ísafjarðar og Eyrarhrepps hins forna* (B. I). Ísafjörður: Sögufélag Ísfirðinga.
- Kristján Pálsson. (2016). *Hnífsdalur: Saga Hnífsdals frá landnámi til upphafs 19. aldar.* Reykjavík: Háskóli Íslands.
- Ólafur Þ. Kristjánsson. (1963). Landnám í Skutulsfirði. *Ársrit sögufélags Ísfirðinga*, 5-11.
- Ragnar Edvardsson. (2006). *Forkönnun á fornleifum í Hnífsdal í Ísafjarðardjúpi.* Bolungarvík: Náttúrustofa Vestfjarða.
- Ragnar Edvardsson. (2007). *Menningarminjar við hugsanleg jarðgöng og vegstæði á milli Bolungarvíkur og Hnífsdals.* Bolungarvík: Náttúrustofa Vestfjarða.

Óútgefnar heimildir

- Örnefnastofnun. (1965). *Bakki í Hnífsdal. Örnefni, sagnir og landlýsing, eftir sögn Kjartans Þorvarðssonar, bónda í Hrauni í Hnífsdal. Skráð af J.Hj. sumarið 1939, en hreinritað og aukið veturinn 1964-65.* Reykjavík: Örnefnastofnun

6. PUNKTASKRÁ

Auðkenni	Tegund	Hlutverk	Eastings	Northings
3348-001	hóll	bæjarhóll	313331.936648	629690.896718
3348-002	mannvistarleifar	öskuhaugur	313292.379303	629643.632329
3348-003	niðurgröftur	framræsla	313289.480606	629630.056222
3348-004	niðurgröftur	framræsla	313315.016882	629592.385474
3348-005	tóft	óþekkt	313331.468463	629567.170226
3348-006	tóft	útihús	313343.075614	629500.785389
3348-007	niðurgröftur	framræsla	313326.452339	629502.545779
3348-008	heimild	túngarður	313390.275801	629499.013590
3348-009	garðlag	túngarður	313337.395440	629446.760809
3348-010	tóft	óþekkt	313324.095578	629470.611360
3348-011	tóft	híbýli	313412.187671	629554.067288
3348-012	tóft	óþekkt	313633.856503	629563.871747
3348-013	garðlag	óþekkt	313741.009654	629584.873893
3348-014	heimild	óþekkt	313729.390329	629572.910103
3348-015	heimild	óþekkt	313723.040169	629571.120174
3348-016	tóft	óþekkt	313761.193770	629541.042273
3348-017	tóft	óþekkt	313785.661224	629581.988784
3348-018	hleðsla	óþekkt	313809.989468	629581.403151
3348-019	rutt svæði	matjurtagarður	313836.174676	629567.662289
3348-020	rutt svæði	matjurtagarður	313767.195552	629555.556216
3348-021	garðlag	óþekkt	314083.919240	629568.238763
3348-022	niðurgröftur	framræsla	313253.917146	629516.702628

7. KORT



Skýringar

- Staðsetning minja
- Flákar
- Skráningarsvæði

0 100 200 300 m

Kort 1. Yfirlitskort yfir skráðar minjar innan fyrirhugaðs framkvæmdasvæðis vegna snjóflóðavarna í Hnífsdal.

Skali 1:5000

Náttúrustofa Vestfjarða 15.10.2024 Atli Rúnarsson



Skýringar

- Staðsetning minja
- Flákar
- Skráningarsvæði

0 50 100 150 m

Kort 2. Skráðar minjar innan heimatúns Bakka í Hnífsdal

Skali 1:2500

Náttúrustofa Vestfjarða 15.10.2024 Atli Rúnarsson



Skýringar


- Staðsetning minja
- Flákar
- Skráningarsvæði

0 50 100 150 m

Kort 3. Skráðar minjar á austanverður skráningarsvæðinu.

Skali 1:2500

Náttúrustofa Vestfjarða 15.10.2024 Atli Rúnarsson



Mynd 34. Kort af Hnífsdal, ártal óvíst. Þó má sjá að kortið er eldra en 1958 á staðsetningum húsa og garðlaga.